



Ísbjörn, fólksbílar og mjólkurfernur

Hvað þarf mörg 10 ára börn til að samsvara þyngd ísbjarnar?

Hvað þarf marga fólksbíla til að samsvara þyngd steypireyðar?

Hvað þarf marga mjólkurfernur til að samsvara þyngd þinni?



Mount Everest og flugvélin

Hversu hátt, mælt í metrum (kílómetrum), flýgur flugvél sem flýgur í 33.000 feta hæð?
Finndu eitthvert þekkt viðmið sem sýnir hversu hátt flugvélin flýgur.



Íslendingar taka saman höndum

Í þessu verkefni eiga nemendur að finna út hvort Íslendingar mundu ná kringum landið ef þeir héldust allir í hendur. Þá er einnig hægt að láta nemendur reikna út hvort Vestmannaeyingar næðu í kringum Vestmannaeyjar ef þeir héldust allir í hendur.



Afmælisdagurinn

Þegar afmælið mitt nálgast ákvað ég að safna laufblöðum.

Fyrsta dag mánaðarins safnaði ég einu blaði, á öðrum degi safnaði ég tveimur blöðum, þremur blöðum þriðja daginn o.s.frv.

Þegar afmælisdagurinn rann upp hafði ég safnað 276 laufblöðum.

Hvaða mánaðardag á ég afmæli?



Hænur, hundar og köngulær

Á sveitabæ nokkrum voru nokkrar hænur, hundar og köngulær.
Það voru helmingi fleiri kjúklingar en hundar og köngulærnar
helmingi fleiri en kjúklingarnir.
Samtals voru þessar skepnur með 680 fætur.

Hvað voru hundarnir margir?



Kartöflupokarnir

Bóndi nokkur þurft að setja 6934 kartöflur í poka.

Hann þurfti að setja jafnmargar kartöflur í alla pokana og nota eins fáa poka og kostur var.

Hvað notaði bóndinn marga poka undir kartöflurnar?



Sumarvinna

Anna, Jói og Teitur eru öll að vinna í skemmtigarði. Eitt þeirra er verkstjóri, annað sundlaugavörður og það þriðja kennir sund. Þau eru öll í bolum sem eru mismunandi að lit eftir því hvað þau vinna.

Þau hittust og Jói sagði að sundfélagið yrði með æfingu á morgun. Jói sagði við manneskjuna í bláa bolnum að hann yrði á kvöldvakt næsta dag. Teitur sagði sundlaugarverðinum að hinir verðirnir ættu líka að vera í rauðum bolnum í vinnunni. Sú/sá sem var í græna bolnum fór af fundinum.

Við hvað vinna Anna, Jói og Teitur, hvert um sig, og hvernig eru bolirnir sem þau eru í á litinn?



Borðtennismót

Heiðarskóli heldur borðtennismót. Tuttugu nemendur skrá sig í keppnina. Hver keppandi keppir við alla hina keppendurna og sá sem vinnur heldur áfram í næstu umferð. Útsláttarkeppnin heldur áfram þar til einn stendur uppi sem sigurvegari.

Hvað þarf að leika marga leiki til að finna sigurvegarann?



Kertin á afmælistökunni

Þú ert í afmælisveislu. Þegar komið er með kökuna inn sérðu að kertunum er raðað á kökuna eftir ákveðnu mynstri.

Mynstrið er svona: rautt, gult, rautt, gult, blátt, rautt, gult, blátt, grænt.

Mynstrið heldur áfram og þessum litum er bætt við:

bleikt, appelsínugult, fjólublátt og hvítt.

Hvað verða mörg kerti á kökunum þegar búið er að raða þeim öllum?



Að synda á móti straumnum

Einu sinni var lax sem reyndi að synda upp ána þar sem hann fæddist.

Hann varð að synda 1010 fet til að komast þangað.

Hann synti 30 fet á fimm mínútum á móti straumnum.

Síðan hvíldi hann sig í tvær mínútur og þá barst hann með straumnum 10 fet til baka.


Svona hélt hann áfram þar til hann komst á áfangastað.

Hversu langan tíma tók það laxinn að synda þessi 1010 fet?




Skoppandi boltar

Boltarnir hér fyrir neðan eiga allir eitthvað sameiginlegt fyrir utan það að geta skoppað.



Hver þessara bolta fyrir neðan fylgir sömu reglu og boltarnir á efri myndinni?





Gátan um körfuboltaspjöldin

Lárus hóf að safna körfuboltaspjöldum þegar systir hans gaf honum körfuboltaspjöld. Þegar hann átti afmæli fékk hann tvo pakka með átta spjöldum frá vini sínum Ágústi. Lárus langaði til að eignast þrjú spjöld með frægustu körfuboltahefjunum sínum þannig að hann skipti á tveimur spjöldum fyrir hvert spjald með þessum þremur körfuboltahefjum.

Þá keypti Lárus sér stóran pakka með tíu körfuboltaspjöldum en í pakkanum var ein mynd sem hann átti fyrir. Hann skipti á þeirri mynd og þremur öðrum. Núna á hann 49 myndir.

Hversu mörg spjöld fékk Lárus frá systur sinni í upphafi?



Stofuklukkan

Þór á fallega stofuklukku. Hún er orðin svo gömul að hún gengur of hægt.
Hún seinkar sér um níu mínútur á klukkustund.
Einn fimmtudaginn kemur Kári vinur Þórs í heimsókn.
Hann tekur eftir því að klukkan 12 á hádegi er klukkan alveg rétt.

Hvenær verður klukkan hans Þórs aftur alveg rétt?



Skáparnir í íþróttahúsinu

Skáparnir í íþróttahúsinu eru allir með talnalás. Reyndu að finna töluna sem vantar í talnaröðina á hverjum skáp. Hugsaðu þig vel um.

vinstri-hægri-vinstri

12 9 5

vinstri-hægri-vinstri

7 8 ____

vinstri-hægri-vinstri

11 ____ 6

vinstri-hægri-vinstri

10 5 ____

vinstri-hægri-vinstri

4 16 ____

vinstri-hægri-vinstri

3 ____ 18

vinstri-hægri-vinstri

8 9 ____

vinstri-hægri-vinstri

2 14 ____

vinstri-hægri-vinstri

13 7 ____